



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FUNDUR MEÐ FORSETA FINNLANDS: ÍSLENSKIR ATHAFNAMENN KYNNA ÚTRÁSINA SÓKNARFÆRI Á HEIMSMARKAÐI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti frumkvæði að því að forseti Finnlands Tarja Halonen bauð fyrr í dag, föstudaginn 6. október, íslenskum athafnamönnum til fundar í finnsku forsetahöllinni. Fundinn sátu auk forseta Íslands, Hannes Heimisson sendiherra Íslands í Finnlandi, Kaj Granholm sendiherra Finnlands á Íslandi og nokkrir áhrifamenn úr finnsku athafnalífi. Við þetta tækifæri afhenti forseti Íslands forseta Finnlands eintak af nýútkominni finnsk-íslenskri orðabók eftir Tuomas Järvelä sem finnska háskólaforlagið gaf út.

Íslensku athafnamennirnir sem sátu fundinn í boði forseta Finnlands voru: Björgólfur Thor Björgólfsson alþjóðlegur fjárfestir, Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri KB-banka, Hannes Smáráson forstjóri FL-Group og Róbert Wessman forstjóri Actavis. Allir hafa þessir athafnamenn verið umsvifamiklir í fjárfestingum í Finnlandi.

Forseti Finnlands vildi með persónulegum samræðum við íslenska athafnamenn fræðast um undirstöður útrásar íslenskra fyrirtækja og velgengni margra þeirra á alþjóðlegum viðskipta- og fjármálavelli. Forsetinn hafði ekki síst áhuga á því að kynnast því hvernig samstarf íslenskra fyrirtækja og fjárfesta við finnsk fyrirtæki og fjármálastofnanir gæti styrkt sameiginlega sókn á heimsmarkað, einkum með tilliti til markaða í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu. Finnland er um þessar mundir í forsæti Evrópusambandsins.

Á fundinum var einkum fjallað um árangur íslenskra fyrirtækja á sviði alþjóðlegrar fjármála- og bankastarfsemi, í flugrekstri, lyfjaframleiðslu og rekstri símafyrirtækja. Í erindum sínum lýstu íslensku athafnamennirnir þróun og sókn fyrirtækjanna og framtíðarsýn sinni, einkum með hliðsjón af þeim tækifærum sem aukin samvinna íslenskra og finnskra fyrirtækja skapaði. Þar skipti miklu hið góða orðspor beggja þjóðanna á alþjóðavettvangi.

Á fundinum fóru fram lífleg skoðanaskipti og ítarlegar umræður um hvernig breytt heimsmynd hefði skapað fyrirtækjum ný sóknarfæri.

6. október 2006

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Northern Research Forum, hjá Skrifstofu forseta Íslands (540 4400), Örnólfi Thorssyni forsetaritara (896 3028) og Árna Sigurjónssyni skrifstofustjóra (820 4946). Myndir frá fundinum verður hægt að nálgast á heimasíðu embættisins í kvöld.